

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Alþingi
101 Reykjavík

1.2.2021
2020-12-39/0.11.1

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð, þskj. 461 369. mál

Vísað er til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 11. desember 2020, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð, þskj. 461. Í frumvarpinu er m.a. kveðið á um orkunýtingu og raforkuflutning innan fyrirhugaðs Hálandisþjóðgarðs.

Á undanförmum árum hafa stjórnvöld mótað stefnu varðandi lagningu raflína, framtíðaruppbyggingu flutningskerfis raforku auk almennrar orkustefnu til ársins 2050. Eitt af leiðarljósum nýrrar orkustefnu er orkuöryggi en þar kemur m.a. fram að traustir innviðir fyrir raforku séu grundvöllur að ásættanlegu orkuöryggi fyrir almenning og atvinnustarfsemi hér á landi. Flutnings- og dreifikerfi raforku þurfi að flytja og dreifa orkunni með lágmarks truflunum frá uppruna til notanda og að nægjanleg flutningsgeta þurfi að vera til staðar milli svæða í flutningskerfinu og afhendingaröryggi raforku verði að uppfylla sett viðmið.

Landsnet tekur ekki afstöðu til friðlýsingarinnar sem slíkrar en bendir á að hún getur haft margvísleg áhrif á rekstur og uppbyggingu flutningskerfis raforku. Innan marka fyrirhugaðs Hálandisþjóðgarðs liggja mjög mikilvægir grunninnviðir í raforkukerfi landsins. Þá liggur fyrir að framtíðaruppbygging flutningskerfisins mun að einhverju leyti eiga sér stað innan marka Hálandisþjóðgarðs.



Rekstur núverandi flutningskerfis raforku

Í 23. gr. frumvarpsins er fjallað um orkunýtingu innan Hálandisþjóðgarðs. Í greininni er lagt til að ráðherra skuli skilgreina í reglugerð jaðarsvæði Hálandisþjóðgarðs vegna orkunýtingar og að á jaðarsvæðum sé heimilt að starfrækja þær virkjanir og háspennulínur sem eru í rekstri við stofnun hans og gera breytingar á þeim. Hins vegar er í 14. gr. kveðið á um að stjórnunar- og verndaráætlun Hálandisþjóðgarðs skuli einnig ná til jaðarsvæða þjóðgarðsins.

Landsnet telur mjög mikilvægt að í frumvarpinu er lagt til að lögfesta heimild til að starfrækja þær háspennulínur sem eru í rekstri við stofnun hans og gera breytingar á þeim. Hins vegar er óljóst hvernig tekið verður á þessum mannvirkjum í reglugerð og stjórnunar- og verndaráætlun. Afar mikilvægt er að þar séu ekki lagðar neinar takmarkanir á aðgengi að þessum grunninnviðum þannig að Landsneti geti óhindrað sinnt viðhaldi og viðgerðum. Til að taka af allan vafa um stöðu Landsnet að þessu leyti

Framtíðaruppbyggingu flutningskerfis raforku

Í raforkulögum eru lagðar ákveðnar lagaskyldur á Landsnet varðandi uppbyggingu flutningskerfis raforku. Þessar skyldur snúa m.a. að því að byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku. Þá hefur félagið skyldum að gegna í því að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Mikilvægt er að í lögum um Hálandisþjóðgarð sé tekið tillit til þessara atriði.

Á Landsneti hvílir m.a. sú lagaskylda að gefa árlega út Kerfisáætlun sem samþykkt er af Orkustofnun, að undangengnu víðtæku umsagnarferli. Áætlunin hefur m.a. tiltekna stöðu gagnvart skipulagsáætlunum sveitarfélaga. Áætlunin felur annars vegar í sér langtímaáætlun varðandi þá þætti í meginflutningskerfinu sem fyrirhugað er að byggja upp eða uppfæra á næstu tíu árum og hins vegar framkvæmdaáætlun sem sýnir ákvarðanir um fjárfestingar í flutningskerfinu á næstu þremur árum. Mikilvægt er að tekið sé tillit til þessarar áætlunargerðar og skapað svigrúm til styrkinga á flutningskerfinu í samræmi við langtíma stefnumörkun hennar. Allar sviðsmyndir kerfisáætlunar varðandi það markmið að tryggja sem jafnast aðgengi landsmanna óháð búsetu að hreinni endurnýjanlegri orku fela í sér að framtíðarmannvirki flutningskerfisins munu að einhverju leyti liggja innan marka fyrirhugaðs þjóðgarðs. Ábyrg nýting orkumannvirkja og aðstæður fela í sér að hægt sé að koma raforku á milli landsvæða.

Í 23. gr. er víkið að nýjum virkjunum en ekkert tekið á réttarstöðu varðandi tengingu slíkra virkjana við raforkukerfi landsins. Hins vegar er í 6. mgr. 23. gr. frumvarpsins lagt til að kveðið verði á um að nýjar háspennulínur í lofti verði ekki leyfðar innan Hálandisþjóðgarðs. Í greinargerð segir að þetta sé í samræmi við stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku sem samþykkt var á Alþingi 11. júní 2018. Í þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku nr. 26/148 segir: „Ekki verði ráðist í línulagnir yfir hálendi.“ Hugtakið hálendi er ekki skilgreint í þingsályktuninni en ljóst má vera að mörk þjóðgarðs skv. 2. gr. frumvarpsins geta orðið mun víðtækari en lagt var upp með í þingsályktuninni. Þá er sérkennilegt að lögbinda bann við tiltekinni tegund mannvirkja án þess að fyrir liggja nákvæmlega á hvaða grundvelli slíkt bann byggir, einkum þegar um er að ræða framkvæmdir sem háðar eru mati samkvæmt lögum um mat umhverfisáhrifum.

Í þessu sambandi bendir Landsnet á að stjórnvöld hafa látið vinna skýrslu um jarðstrengi í flutningskerfi raforku. Skýrslan er unnin á grundvelli áðurgreindrar þingsályktunar. Í samantektarkafli skýrslunnar kemur m.a. fram að þar sem að jafnaði er aðeins hægt að leggja um 5% nýrra 220 kV flutningslína í jörðu, sé ekki hægt að notast við jarðstrengi til að koma að fullu í veg fyrir neikvæð áhrif nýrra 220 kV flutningslína á ásýnd. Meginniðurstaða skýrslunnar er að hinar miklu lengdatakmarkanir jarðstrengja á hæstu spennustigum flutningskerfis raforku leiði af sér að notkun svo stuttra jarðstrengskafli muni ekki hafa veruleg áhrif á afhendingaröryggi, raforkuverð, umhverfiskostnað eða byggðapróun. Skýrslan er liður í boðuðu endurmati á þeim viðmiðum og meginreglum sem er að finna í stefnu stjórnvalda um lagningu jarðstrengja og loftlína.

Tillaga um bann við loftlínur er ekki í samræmi við þær væntingar sem skapaðar hafa verið á fyrri stigum. Gengið hefur verið út frá því að málefni orkunýtingar í þjóðgarðinum skuli samræmast áætlunum Alþingis um orkunýtingu og flutning raforku og að tekið yrði tillit til þeirra í frumvarpinu. Sú tillaga frumvarpsins að lögbinda bann við nýjum loftlínur innan Hálandisþjóðgarðs gengur mun lengra en þingsályktun Alþingis um framtíðaruppbyggingu flutningskerfisins gerir ráð fyrir.

Niðurlag

Ljóst má vera að framtíðaruppbygging flutningskerfisins mun að einhverju leyti ná til svæða sem eru innan marka Hálendisþjóðgarðs. Þá liggur fyrir að miklar tæknilegar takmarkanir eru á lagningu jarðstrengja í þeim hlutum flutningskerfisins. Með vísan til þessa varar Landsnet eindregið við því að í frumvarpinu sé lagt til bann við loftlínunum innan marka þjóðgarðs. Með því er mögulega verið að rýra möguleika til að auka afhendingaröryggi raforkunotenda til framtíðar og hindra skynsamlega nýtingu hreinna orkuauðlinda. Þá er mikilvægt að í frumvarpinu sé kveðið á um heimildir til tengingar nýrra virkjana innan Hálendisþjóðgarðs sem og að tryggður sé óhindraður aðgangur Landsnets að grunninnviðum sem liggja innan marka Hálendisþjóðgarðs.

Virðingarfyllt,



Guðjón Axel Guðjónsson, lögfræðingur Landsnets hf.